



10. september 2009.

Ítarefni með fréttatilkynningu

Samkeppni og efnahagskreppur Áherslur norrænu samkeppniseftirlitanna

Það er sérstaklega mikilvægt á tímum efnahagsþrenginga að standa vörð um samkeppnina og beita í því skyni virkum og ströngum samkeppnisreglum. Lausnin á efnahagskreppum felst ekki í því að draga úr eða milda eftirlit með samkeppnishömlum.

Þetta er meginniðurstaða norrænna samkeppniseftirlita í sameiginlegri skýrslu þeirra „*Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward*“.

Norrænu samkeppniseftirlitin leggja m.a. áherslu á eftirfarandi:

Virk samkeppni og samkeppnisstefna er ein af forsendum norræna velferðarkerfisins

Samkeppniseftirlit Íslands, Danmerkur, Finnlands, Grænlands, Noregs og Svíþjóðar hafa lagt mat á það hvaða áhrif efnahagsþrengingar, nú og á síðustu öld, hafa haft á samkeppnisstefnu þjóða og hvaða ályktanir megi draga af þeim áhrifum. Þar sem Norðurlöndin búa við tiltölulega lítil og opin efnahagskerfi er alþjóðleg samkeppnishæfni landanna nauðsynleg til að vernda og viðhalda hinu norræna velferðarkerfi. Hagvöxtur og nýsköpun er ein af forsendum þess að varðveita og auka megi þá samkeppnishæfni. Því takmarki verður best náð með því að stuðla að virkri samkeppni.

Í skýrslunni eru rífaðar upp ástæður þess að ríki setja sér samkeppnislög og af hverju samkeppni er mikilvæg fyrir almenning:

- Samkeppni stuðlar að því að neytendur fái betri vörur og þjónustu á sem lægstu verði.
- Agi samkeppninnar knýr fyrirtæki til að hagræða í rekstri og vinnur gegn sóun.
- Samkeppni stuðlar að nýsköpun og framförum í atvinnurekstri.
- Samkeppni stuðlar að þjóðhagslegri hagkvæmni í efnahagslífinu.
- Samkeppnishömlur geta valdið neytendum og atvinnulífinu miklu tjóni.

Virk samkeppni er mikilvæg til þess að hraða efnahagsbata og skapa grundvöll fyrir atvinnusköpun og hagsæld

Af fjármálakreppum fyrri tíðar má læra að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðla að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægðum. Einnig má sjá að aðgerðir sem fela í sér samkeppnishömlur hindra efnahagslegan bata og draga kreppur á langinn. Fyrri efnahagskreppur geyma dæmi um að gripið hafi verið til verndarstefnu og veikingar á samkeppnisreglum með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagsáfalla. Rannsóknir sýna hins vegar að slíkar aðgerðir hafa haft þveröfug áhrif, þ.e. dregið niðursveifluna á langinn. Með vísan í þessa reynslu leggja norrænu samkeppniseftirlitin höfuðáherslu á að í aðgerðum sem ætlað er að takast á við efnahagskreppuna verði höfð hliðsjón af áhrifum þeirra á samkeppni.



Slíkt verði gert strax frá upphafi þannig að ekki þurfi að vinda ofan af aðgerðum sem skaða samkeppni til langvarandi tjóns fyrir neytendur og þjóðfélagið í heild.

Stjórnvöldum ber að meta fyrirfram hvaða áhrif ráðstafanir þeirra hafa á samkeppni

Lausnir dagsins í dag verða stundum vandamál morgundagsins. Með það í huga verður að forðast aðgerðir sem fækka keppinautum eða gera fyrirtækjum erfiðara fyrir að hefja starfsemi. Eftir því sem unnt er þarf að koma í veg fyrir að teknar séu ákvarðanir sem skerða möguleika fyrirtækja til samkeppni, t.d. með því að grípa til aðgerða sem nýtast einum keppinauti en öðrum ekki. Einnig ber að forðast ráðstafanir sem draga úr hvata til samkeppni, t.d. með því að undanþiggja einstök fyrirtæki eða markaði samkeppnisreglum.

Samkeppniseftirlitin munu vera sveigjanleg í meðferð brýnna samrunamála og hraða málsmeðferð, en munu ekki beita vægara mati á samkeppnislegum áhrifum samruna

Við ríkjandi aðstæður má vænta þess að taka þurfi skjótt afstöðu til samruna fyrirtækja, t.d. til þess að tryggja áframhaldandi starfsemi. Samkeppniseftirlitin munu kappkosta að hraða málsmeðferð í slíkum málum.

Á sama hátt er líklegt að mjög reyni á mat á því hvort samruni fyrirtækja sé eini kosturinn sem völ er á þegar fyrirtæki eiga í rekstrarörðugleikum (e. failing firm defense). Samkeppniseftirlitin munu beita viðurkenndum aðferðum við mat á þessu og munu almennt ekki beita vægara mati á samkeppnislegum áhrifum samruna við þessar aðstæður. Samrunar sem fela í sér verulega takmörkun á samkeppni verða ekki samþykktir.

Fyrirtækjum má ekki líðast að bregðast við efnahagskreppu með ólögum samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Við ríkjandi aðstæður í efnahags- og viðskiptalífnum kunna fyrirtæki að hafa hvata til að grípa til aðgerða sem takmarka eða eyða samkeppni. Aðgerðirnar geta t.d. falist í óeðlilegum verðlækkunum markaðsráðandi fyrirtækja sem hafa það að markmiði að hrekja keppinauta út af markaðnum til að auka markaðshlutdeild hinna ráðandi fyrirtækja. Slík háttsemi getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir samkeppni til lengri tíma litið, dregið efnahagserfiðleika á langinn og er því skaðleg neytendum. Það er því mikilvægt að það sé grundvallarskilningur á því að samvinna keppinauta og/eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækis er ekki leið út úr efnahagskreppu.

Samkeppniseftirlitin hyggjast fylgjast vel með breytingum á samkeppnisaðstæðum fyrirtækja og auka eftirlit þar sem nauðsyn krefur. Öll löndin munu beita reglum um niðurfellingu viðurlaga eða lækkun sekta til handa þeim sem upplýsa að eigin frumkvæði um þátttöku sína í samkeppnislagabrotum.

Virk samkeppni í útboðum skiptir sköpum

Miklu skiptir að hugað sé að samkeppnismálum þegar opinberir aðilar stuðla að eflingu atvinnulífs með því að bjóða út verkefni og framkvæmdir. Þannig ber opinberum aðilum að stuðla að samkeppni með útboðum sínum, t.d. með því að auðvelda nýjum aðilum að taka þátt.

Þá ber þeim sem standa að útboði að fylgjast náið með öllum vísbendingum um samráð milli þátttakenda í útboðinu. Samkeppniseftirlitin munu aðstoða þá sem bjóða út verkefni við að koma auga á slíkar vísbendingar.



Lágmarka þarf eins og kostur er samkeppnishindranir sem stafa af ríkisstyrkjum

Fara þarf að reglum á Evrópska efnahagssvæðinu þegar ríkisstyrkir eru veittir. Aðgerðum stjórnvalda til að viðhalda heilbrigðu og stöðugu fjármálakerfi ætti einungis að beina að fjármálastofnunum sem mikilvægar eru fjármálakerfinu, í þeim tilgangi að endurreisa traust á fjármálamörkuðum. Ef aðgerðir stjórnvalda leiða til þess að hið opinbera eignast fyrirtæki og hefur þar með starfsemi á samkeppnismörkuðum, með beinum eða óbeinum hætti, verður að tryggja að slík fyrirtæki séu skilin frá öðrum opinberum rekstri og starfi á almennum rekstrarlegum forsendum.

Bakgrunnsupplýsingar

Á árlegum fundi forstjóra norrænna samkeppniseftirlita í Helsinki í mars 2009 fóru fram umræður um fjármálakreppuna, hvernig hún hefur haft áhrif á efnahag landanna og sem áhrif hennar á starfsemi samkeppnisyfirvalda. Í ljósi þessa var ákveðið að eftirlitin skipuðu starfshóp til að setja saman sameiginlega skýrslu um áhrif fjármálakreppunnar á samkeppni á Norðurlöndum.

Í skýrslunni er fjallað um yfirstandandi efnahagskreppu og áhrif hennar í hverju landanna fyrir sig. Dreginn er lærdómur af fyrri efnahagskreppum frá sjónarhóli samkeppni og brugðið upp mynd af því hvernig reynt hefur á samkeppnisstefnu landanna í yfirstandandi kreppu. Þá er fjallað um tengslin milli samkeppni, nýsköpunar og hagvaxtar. Reifaðar eru rannsóknir í hagfræði sem sýna jákvæð áhrif samkeppni. Að síðustu eru dregnar fram niðurstöður umfjöllunarinnar, sem einnig hefur að geyma sameiginlegar áherslur samkeppniseftirlitanna.